

2006 nr. 152 15. desember**Lög um ættleiðingarstyrki**

Tóku gildi 1. janúar 2007. Breytt með: L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við félags- og vinnumarkaðsráðherra eða félags- og vinnumarkaðsráðuneyti sem fer með lög þessi.

I. kafli. Almenn ákvæði.**■ 1. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi taka til fjárstyrkja úr ríkissjóði til kjörforeldra sem ættleitt hafa erlent barn eða börn í samræmi við lög um ættleiðingar. Lög þessi taka ekki til alþjóðlegra fjölskyldu-ættleiðinga.

II. kafli. Stjórnarsýsla.**■ 2. gr. Yfirstjórn.**

□ [Ráðherra]¹⁾ fer með yfirstjórn ættleiðingarstyrkja samkvæmt lögum þessum.

¹⁾ L. 126/2011, 442. gr.

■ 3. gr. Framkvæmdaraðili.

□ [Ráðherra]¹⁾ ákveður með reglugerð hvaða aðila hann felur framkvæmd laga þessara.

□ Kostnaður vegna ættleiðingarstyrkja í lögum þessum greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

¹⁾ L. 162/2010, 34. gr.

■ 4. gr. Kæruheimild.

□ Ákvörðun um synjun ættleiðingarstyrks og leiðréttingu á greiðslum skv. 8. gr. er heimilt að kæra til [ráðherra].¹⁾ Um kæru gilda ákvæði VII. kafla stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993.

¹⁾ L. 162/2010, 34. gr.

III. kafli. Greiðsla ættleiðingarstyrks.**■ 5. gr. Greiðsla og skilyrði styrks.**

□ Ættleiðingarstyrkur er eingreiðsla sem er greidd út samkvæmt umsókn kjörforeldra þegar erlend ættleiðing hefur verið staðfest hér á landi eða ættleiðingarleyfi hefur verið gefið út hér í samræmi við ákvæði laga um ættleiðingar.

□ Kjörforeldrar sem hafa fengið útgefið forsambýkki í samræmi við lög um ættleiðingar eiga einir rétt á ættleiðingarstyrk. Þessi réttur er ekki framseljanlegur.

■ 6. gr. Umsókn um styrk.

□ Kjörforeldrar skulu sækja um ættleiðingarstyrk á þar til gerðum eyðublöðum. Sækja skal um styrk innan sex mánaða frá því að erlend ættleiðing er staðfest hér á landi eða ættleiðingarleyfi gefið út hér í samræmi við lög um ættleiðingar. Réttur til ættleiðingarstyrks fellur niður að þessum tíma liðnum.

□ Ákveða skal með reglugerð sem [ráðherra]¹⁾ setur hvaða gögn skuli fylgja með umsókn um ættleiðingarstyrk.

¹⁾ L. 162/2010, 34. gr.

■ 7. gr. Fjárhæð styrks.

□ Fjárhæð ættleiðingarstyrks nemur 480.000 kr. Fjárhæð styrksins skal endurskoðuð í tengslum við afgreiðslu fjárlaga á tveggja ára fresti. [Ráðherra]¹⁾ setur í reglugerð²⁾ ákvæði um endurskoðaða fjárhæð styrksins.

□ Ef kjörforeldrar hafa ættleitt fleiri en eitt barn samtíms er veittur styrkur vegna hvers barns umfram eitt sem nemur 20% af fjárhæð skv. 1. mgr.

¹⁾ L. 162/2010, 34. gr. ²⁾ Rg. 950/2007, sbr. 1198/2008 og 1656/2021.

■ 8. gr. Leiðrétting á greiðslum.

□ Hafi styrkþegi ranglega fengið ættleiðingarstyrk skal hann endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var.

IV. kafli. Ýmis ákvæði.**■ 9. gr. Reglugerð.**

□ [Ráðherra]¹⁾ setur reglugerð²⁾ um nánari framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 162/2010, 34. gr. ²⁾ Rg. 950/2007, sbr. 1198/2008.

■ 10. gr. Gildistaka.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

□ Rétt til styrks samkvæmt lögum þessum eiga kjörforeldrar barna sem ættleidd eru eftir gildistöku laganna.